

# AÐALSKIPULAG RANGÁRÞINGS EYSTRA 2012-2024

**Breyting á Rein og Birkilundi**

**01.03.2021**



| HÖFUNDUR | DAGS. | VERKNR. |
|---|---|---|
| AB / ÁJ | 01.03.21 | 1854-010-08 |

EFLA VERKFRÆÐISTOFA
+354 412 6000 efla@efla.is www.efla.is

**Samþykktir**

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Rangárþings eystra ________

____________________________________________________________

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun _________________

____________________________________________________________

____________________________________________________________

SKIPULAGSFERLI

Lýsing aðalskipulagsbreytingar var auglýst frá: ______________ með athugasemdafresti til: ______________.

Aðalskipulagsbreytingin var auglýst frá: ______________með athugasemdafresti til: ______________.

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest með auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda: ________

**Skipulagsgögn**

Greinargerð ásamt skipulagsuppdrætti.

# EFNISYFIRLIT

1 INNGANGUR 1
2 FORSENDUR 1
2.1 Tengsl við aðrar áætlanir 1
2.1.1 Landsskipulagsstefna 2015-2026 1
2.2 Aðalskipulag Rangárþings eystra 2012-2024 2
2.2.1 Íbúðarsvæði 2
2.3 Minjar 2
2.4 Náttúruvá 2
2.5 Veitur 2
3 BREYTING Á AÐALSKIPULAGI 3
4 UMHVERFISÁHRIF 3
5 SKIPULAGSUPPDRÁTTUR 4

# 1 INNGANGUR

Rangárþing eystra vinnur að breytingu á Aðalskipulagi Rangárþings eystra 2012-2024 skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Svæðið sem breytingum tekur afmarkast af Hellishólum til norðurs, Hlíðarbóli til austurs og Kirkjulæk 1, Kirkjulæk 3 og Gömlu rétt til suðurs. Hluta landbúnaðarlands verður breytt í íbúðarsvæði fyrir tvær íbúðarlóðir.

Gerð verður breyting á greinargerð og uppdrætti.

# 2 FORSENDUR OG MARKMIÐ

Umrætt svæði er skilgreint sem landbúnaðarsvæði í aðalskipulagi. Aðkoma er af Suðurlandsvegi um Fljótshlíðarveg og þaðan um Glámuveg (nr. 2578).

Landið er flatlent, graslendi að mestu leyti með trjábeltum. Svæðið er ekki innan sérstakra verndarsvæða, sbr. vefsjá á heimasíðu Náttúrufræðistofnunar, þar sem kortlögð er sérstök vernd náttúrufyrirbæra.

Á svæðinu hafa verið stofnaðar fjórar lóðir og hefur verið byggt á tveimur þeirra. Áætlað er að byggðu lóðirnar munu stækka þar sem Birkilundur verður sameinuð lóðinni Hlíðarból lóð (L164126) og Rein verður sameinuð lóðinni Rein 2 (L164138). Allmikil byggð er í næsta nágrenni, frístundabyggð, íbúðarbyggð, ferðaþjónustustarfsemi og landbúnaðarstarfsemi.

## 2.1 Tengsl við aðrar áætlanir

### 2.1.1 Landsskipulagsstefna 2015-2026

*„Skipulagsáætlanir sveitarfélaga marki stefnu um gæði og yfirbragð byggðar og annarra mannvirkja í dreifbýli. Skipulagsákvarðanir um staðsetningu og hönnun nýrra mannvirkja í dreifbýli taki mið af byggingarhefðum, landslagi og staðháttum. Um leið verði gætt að hagkvæmni varðandi samgöngur og veitur og að byggð gangi ekki að óþörfu á svæði sem eru verðmæt til landbúnaðar eða vegna náttúruverndar“.*

*„Flokkun landbúnaðarlands, landslagsgreining og vistgerðaflokkun verði lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum“.*

*„Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði miðað að því að styðja og styrkja samfélag viðkomandi byggðarlags með því að beina vexti að þeim kjörnum sem fyrir eru. Í dreifbýli tengist fjölgun íbúða fremur búrekstri eða annarri staðbundinni landnýtingu eða atvinnustarfsemi. “*

Framkvæmdin styður við núverandi byggð og nýtir innviði sem eru til staða. Nú þegar liggja vegir og veitukerfi um svæðið. Náttúru- eða menningarminjar verða ekki fyrir áhrifum vegna breytingarinnar.

Svæðið er á jaðri góðs landbúnaðarlands og hefur ekki áhrif á samfellu í landbúnaðarlandi.

## 2.2 Aðalskipulag Rangárþings eystra 2012-2024

### 2.2.1 Íbúðarsvæði

Í stefnu í aðalskipulags segir m.a. í kafla 4.3 um íbúðarbyggð:

Meginmarkmið

- Þróun byggðar og skipulag nýrra íbúðasvæða mótist af hagkvæmni í uppbyggingu og rekstri þjónustukerfa og góðum tengslum við miðlæga þjónustu.

- Íbúðasvæði (fleiri en 3 hús) í dreifbýli skal fyrst og fremst vera í tengslum við atvinnustarfsemi á viðkomandi svæði.

Fyrirhuguð breyting samræmist stefnu gildandi Aðalskipulags Rangárþings eystra 2012 – 2024 þar sem verið er að bæta íbúðasvæði við kjarna sem samanstendur af íbúðar-, frístunda-, og verslunar- og þjónustusvæðum. Samlegðaráhrif eru mikil og er svæðið vel staðsett m.t.t. samgangna og veitukerfa þ.á.m. ljósleiðaratenginga.

Unnið verður deiliskipulag fyrir svæðið.

## 2.3 Minjar

Aðalskráningu fornminja er ekki lokið í sveitarfélaginu.

Norðvestan við húsið Gömlurétt ser gömul fjárrétt. Réttin er fyrir utan svæðið sem breytingum tekur. Við gerð deiliskipulags á svæðinu skal fornleifafræðingur, í samráði við Minjastofnun Íslands, skoða svæðið og meta hvort þörf sé á frekari aðgerðum áður en farið verður í framkvæmdir. Þegar er búið að raska svæðinu næst gömlu réttinni með trjágróðri.

Ef fram koma áður óþekktar fornleifar á framkvæmdartíma, sbr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, verður þegar haft samband við Minjastofnun Íslands og framkvæmd stöðvuð uns fengin er ákvörðun Minjastofnunar um hvort halda megi áfram og með hvaða skilmálum.

## 2.4 Náttúruvá

Í fyrri umsögnum Veðurstofu Íslands, um skipulag í næsta nágrenni svæðisins kemur fram að mögulegt er að svæðið verði fyrir áhrifum vegna hlaupvatns frá eldgosi í Kötlu. Um væri að ræða kyrrstætt hlaupvatn.

## 2.5 Veitur

Svæðið fær neysluvatn frá Kirkjulækjarveitu sem er einkaveita eða öðru viðurkenndu vatnsbóli. Á svæðinu verða rotþrær samnýttar eftir því sem við verður komið og einnig verður skoðað nánar með að leiða grávatn í sérlögnum út í jarðveg í samráði við heilbrigðiseftirlit.

# 3 BREYTING Á AÐALSKIPULAGI

Gerð verður breyting á uppdrætti og greinargerð.

**Breytingar á uppdrætti:**

Sett verður inn nýtt 2,9 ha íbúðarsvæði ÍB-512 en landbúnaðarland minnkar sem því nemur.

**Breytingar á greinargerð:**

Í töflu 4.3.3 er bætt við nýju íbúðarsvæði:

| NR | STÆRÐ | SVÆÐI | LÝSING | SKIPULAGSÁKVÆÐI |
|---|---|---|---|---|
| ÍB-512 | 2,9 ha | Rein | Á svæðinu eru 2 hús. | Skilgreindar verða 2 lóðir fyrir íbúðarhús. Á hvorri lóð má byggja íbúðarhús, á einni hæð ásamt bílgeymslu, gestahúsi og skemmu/geymslu. Mænishæð má vera allt að 6,5 m. Miðað við gólfkóta. Hámarks byggingarmagn á hvorri lóð er 600 m². Gerð og útlit bygginga skal taka tillit til umhverfis og náttúru. |

# 4 UMHVERFISÁHRIF

Aðalskipulagsbreytingin fellur ekki undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006, þar sem ekki er mörkuð stefna er varðar leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Helstu umhverfisáhrif eru sjónræn þar sem fleiri mannvirki eru heimiluð og óveruleg áhrif verða á umferð og hljóðvist.

# 5 SKIPULAGSUPPDRÁTTUR

# Rein og Birkilundur
# Breyting á aðalskipulagi

Rangárþing eystra




Staðfest aðalskipulag Rangárþings eystra 2012-2024 m.s.br.




Breytt aðalskipulag Rangárþings eystra 2012-2024




Breytt aðalskipulag Rangárþings eystra 2012-2024, skýringarmynd í 1:50.000

## LANDNOTKUN

- MÖRK SKIPULAGSSVÆÐIS
- MÖRK ÞÉTTBÝLIS
- MÖRK SVÆÐISSKIPULAGS MIÐHÁLENDIS 2015 -EINGÖNGU TIL SKÝRINGAR
- ÞJÓÐLENDULÍNA -EINGÖNGU TIL SKÝRINGAR
- MÖRK SÉRUPPDRÁTTA
- ÍB ÍBÚÐARBYGGÐ
- M MIÐSVÆÐI
- VÞ VERSLUN OG ÞJÓNUSTA
- S SAMFÉLAGSÞJÓNUSTA
- AT ATHAFNASVÆÐI
- I IÐNAÐARSVÆÐI
- E EFNISTÖKU- OG EFNISLOSUNARSVÆÐI
- F FRÍSTUNDABYGGÐ
- F STÖK FRÍSTUNDAHÚS
- AF AFÞREYINGAR- OG FERÐAMANNASVÆÐI
- ÍÞ ÍÞRÓTTASVÆÐI
- K KIRKJUGARÐAR OG GRAFREITIR
- OP OPIN SVÆÐI
- FV FLUGVELLIR
- H HAFNIR
- L LANDBÚNAÐARSVÆÐI
- LANDBÚNAÐARSVÆÐI -TÚN, EINGÖNGU TIL SKÝRINGAR
- LANDBÚNAÐARLAND - FLOKKUR I SKV. SKILGR. Í GREINARG.
- SL SKÓGRÆKTAR OG LANDGRÆÐSLUSVÆÐI
- ÓB ÓBYGGÐ SVÆÐI
- VÖTN, ÁR OG SJÓR
- VB VATNSBÓL -BRUNNSVÆÐI VATNSVERNDAR
- K KATLA JARÐVANGUR -ÁNINGARSTAÐIR, STAÐSETNING TIL SKÝRINGAR

FLÓÐAHÆTTA (bætt við í seinni breytingum)
TIL SKÝRINGAR SBR. GÖGN VEÐURSTOFU ÍSLANDS
- MÖRK MIKILLAR OG GEYSIMIKILLAR FLÓÐAHÆTTU

## VERNDARSVÆÐI

- FS FRIÐLÝST SV.
- HV HVERFISVERND
- VG VATNSVERND VATNSBÓLA -GRANNSVÆÐI
- VF VATNSVERND VATNSBÓLA -FJARSVÆÐI
- Þ MINJAVERND -FRIÐLÝSTAR MINJAR
- M MINJAVERND -HVERFISVERND BÚSETUMINJA

## SAMGÖNGUR OG VEITUR

- STOFNVEGIR
- TENGIVEGIR
- HÉRAÐSVEGIR
- LANDSVEGIR
- AÐRIR VEGIR -EINGÖNGU TIL SKÝRINGAR
- VARNARGARÐAR -EINGÖNGU TIL SKÝRINGAR
- MEGINREIÐLEIÐIR
- MEGINGÖNGULEIÐIR
- VATNSVEITA -STOFNLÖGN
- HITAVEITA -STOFNLÖGN
- RAFVEITA -STOFNLÍNA, LOFTLÍNA
- RAFVEITA -STOFNLÍNA, Í JÖRÐ
- FJARSKIPTI -STOFNLÖGN LJÓSLEIÐARA

EFLA

Rein og Birkilundur - breyting
Aðalskipulag Rangárþings eystra 2012-2024

| Verk | Blaðstærð | Unnið: | Rýnt: |
|---|---|---|---|
| 1854-010 | A4 | AB | ÁJ |
| Mælikvarði | Dags. | Dags.breyt. | |
| 1:100.000 | 01.03.2021 | | |

TILLAGA